

VERKLAGSREGLUR

um meðferð kynferðisbrota hjá Æskulýðsvettvanginum

1. gr.

Fagráð Æskulýðsvettvangsins

Félagasamtök þau sem mynda saman Æskulýðsvettvanginn, þ.e. Ungmennafélag Íslands, KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta og Slysavarnafélagið Landsbjörg, líða ekki ofbeldi af neinu tagi innan starfsvettvangs síns. Í því samhengi starfar sameiginlegt *fagráð* er tekur sérstaklega á kynferðisbrotum sem upp kunna að koma innan þessara samtaka.

2. gr.

Orðskýringar

1. *Kynferðisbrot*: Með hugtakinu kynferðisbrot í reglum þessum er átt við þá háttsemi sem lýst er refsiverðri í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og í barnaverndarlögum nr. 80/2002.
2. *Kynferðislegt ofbeldi*: Misnotkun á annarri manneskju þar sem gerandinn beitir eða hótar að beita ofbeldi eða þvingar þolanda á annan hátt kynferðislega. Þessi misnotkun getur verið allt frá káfi, þukli og klúru orðbragði upp í fullframið nauðgunarbrot í skilningi almennra hegningarlaga. Þá þarf kynferðislegt ofbeldi ekki alltaf að fela í sér beina snertingu þar sem kynferðislegt tal, sýni- og gægjuhneigð og að sýna barni klámfengið efni eru dæmi um brot sem fela ekki í sér beina snertingu.
3. *Kynferðisleg áreitni*: Óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu hvort sem áreitnin er líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi, styrkleika eða stöðu þar sem kynferði þolandans er í brennidepli. Það sem greinir slíka framkomu frá vinnuhótum og vinsamlegri stríðni er að hún er í óþökk þess sem fyrir henni verður, hún er ekki gagnkvæm, ekki á jafnræðisgrundvelli.
4. *Kynbundin áreitni*: Hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

3. gr.

Tilkynningarskylda

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd ef hann hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða heilsu þess og þroska sé stofnað í alvarlega hættu.

Tilkynningarskylda þessi gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

4. gr.

Skipan fagráðs

Stjórn Æskulýðsvettvangsins skipar fagráð Æskulýðsvettvangsins. Það skal skipað að lágmarki tveimur einstaklingum er hafa þekkingu, menntun og reynslu sem nýtist við meðferð kynferðisbrotamála. Sitji enginn lögfræðingur í fagráðinu skal fagráðið hafa aðgang að lögfræðilegri ráðgjöf.

Fagráð skal skipa til þriggja ára í senn.

5. gr.

Tilkynningar til fagráðs

Fagráði skal tilkynnt um öll kynferðisbrot sem upp koma innan aðildarfélaga Æskulýðsvettvangsins. Eftir að forsvarsmenn félaga hafa tilkynnt kynferðisbrot til barnaverndarnefndar og/eða lögreglu, eftir því sem við á, skal fagráði einnig send tilkynning um brotið. Óheimilt er að afgreiða í aðildarfélögunum mál er varðar ætlað kynferðisbrot. Einnig getur einstaklingur, sem hefur orðið fyrir kynferðisbroti, leitað beint til fagráðs og fengið þar stuðning og aðstoð við meðferð málsins.

6. gr.

Hlutverk fagráðs

Hlutverk fagráðs er eftirfarandi:

- a) að fylgja eftir að mál, sem varða kynferðisbrot og upp koma innan félaganna, fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og verklagsreglum þessum.
- b) að heyra umkvartanir þolenda, leiðbeina þeim um málsmeðferð og sjá til þess að þeir fái stuðning eftir því sem við á hverju sinni.
- c) að vera framkvæmdastjórum og stjórnnum aðildarfélaga til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisbrotum.
- d) að skrá niður öll mál sem upp koma og vísað er til barnaverndaraðila.
- e) að meta árangur verklagsreglna og koma með tillögur til úrbóta ef með þarf.
- f) að stuðla að forvörnum og fræðslu um kynferðisbrot innan Æskulýðsvettvangsins.

7. gr.

Þagmælska

Mæli lög ekki fyrir á annan veg er fagráðsmönnum og öðrum starfsmönnum Æskulýðsvettvangsins skylt að gæta þagmælsku um einstök mál sem kunna að verða rekin á grundvelli verklagsreglna þessara.

8. gr.

Meðferð upplýsinga og gagna

Við meðferð og öflun persónuupplýsinga skal fagráðið gæta þess að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga nr. 77/2000 um

persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014 með áorðnum breytingum. Gæta skal þess að upplýsingar, sem aflað er, séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang þeirra og að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum.

9. gr.

Kostnaður við starfrækslu fagráðs Æskulýðsvettvangsins

Kostnaður við starfrækslu fagráðs, svo og annar kostnaður, sem hlýst af verklagsreglum þessum, skal greiddur af Æskulýðsvettvanginum. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Æskulýðsvettvanginn skal huga að framlögum til fræðslustarfs og forvarna um þennan málaflokk.

10. gr.

Gildistaka

Verklagsreglur þessar taka þegar gildi.

Reykjavík, 1. janúar 2017